

**Ed.**

## **176. Tillaga til þingsályktunar**

um byggingu stýrimanna- og vélfræðiskóla í Reykjavík.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa á næsta ári byggingu nýs skólahúss, er veiti nægilegt húsrúm til kennslu fyrir nemendur í siglingafræði, vélfræði, rafmagnsfræði, loftskeytafræði og matreiðslu fyrir sjómenn. Bygging þessi fullnægi nútíma kröfum, sem gerðar eru til samskonar skóla í nálægum löndum, og að öðru leyti samkvæmt fyllstu reglum, sem gerðar eru um nýbyggða skóla innanlands.

### **Greinargerð.**

Stýrimannaskólinn er á næsta ári 40 ára gamall. Húsið er byggt úr timbri og hefir frá upphafi vega verið álitid timburhjallur, sem með aldrinum hefir mjög hrörnað, þrátt fyrir dýrt og mikið viðhald. Á síðari árum hefir húsið verið notað til kennslu handa vélfræðinemum ásamt stýrimannaefnum. Hver herbergiskytra hefir því verið notuð fyrir skólastofu. Skólastofa farmannaefna hefir síðari árin verið í þröngu þakherbergi. Nú eru þrengslin í skólanum orðin svo mikil, að líkur eru til, að rýma verði vélskólanum hurtu úr húsinu á næsta vori, og því sýnt, að leigja verður fyrir hann nýtt húsnæði. Sökum óviðunandi húsnæðis og þrengsla er það því krafa þeirra manna, sem hafa áhuga fyrir framtíðarmenntun islensku sjómanna-stéttarinnar, að nýtt hús verði byggt eftir nútíma kröfum, þar sem að nemendum sé ekki lakar búið en öðrum æskumönnum, er búa sig undir lífið með námi í öðrum skólum. Sjómannastéttin lítur svo á, að starf hennar og strit í þágu þjóðfélagsins sé svo mikill og virkur þáttur í fjárhagslegri afkomu þess, að ekki sé vansalaust að búa lakar af henni en öðrum stéttum, þegar um menntun hennar er að ræða og undirbúning undir starf hennar. Núverandi ástand um aðbúð nemenda í siglingafræði og vélfræði er orðið óviðunandi, og hrein vöntun á húsnæði fyrir ýmsar starfsgreinar, svo sem loftskeytanema og matreiðslumenn. Meðal nágrannaþjóða okkar hafa á seinni árum verið gerðar merkilegar umbætur með byggingu nýrra skólahúsa, með fullkomnustu tækjum fyrir allar starfsgreinar, sem sérþekkingu þurfa að hafa í starfi sínu á sjónum, bæði hvað bóklega menntun snertir og verklega tækni. Bót á þessu fæst ekki ráðin hjá okkur nema með byggingu nýs skólahúss, þar sem skilyrði eru fyrir hendi að kenna það, sem kenna þarf, og við á þann hátt getum staðið nokkurnveginn jafnfætis nágrannaþjóðum okkar um menntun farmanna- og fiskimannastéttarinnar í framtíðinni.